

Alþingi,
Atvinnuveganefnd
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 17. maí 2022.

Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuflun), 582. mál.

Fjórðungssamband Vestfirðinga sendi umsögn um efni frumvarpsins í samráðsgátt mál 21/2022 í janúar 2022 (sjá viðauka). Því miður yfirsást að tillaga um frumvarp um málið kom að nýju í Samráðsgátt um mánaðarmót febrúar og mars s.l. og því gafst ekki tækifæri að ítreka sjónarmið sambandsins.

Fjórðungssamband styður markmið um að leita leiða að einfalda stjórnsýslu og bæta leiðir að öflun umhverfisvænnar orku samhliða því að jafna húshitunarkostnað í landinu.

Fjórðungssamband vill með þessari umsögn að beina því til atvinnuveganefndar, að ræða til fulls hvort þær breytingar á lögum sem frumvarpið leiðir af sér, að varmadælur við hverja íbúð/fasteign verði meginuppspretta á orku til húshitunar þar sem jarðvarmaveitur eru ekki til staðar í dag.

Á Vestfjörðum hafa rannsóknir sýnt að víða er að finna jarðvarma. Jarðvarmi er nýttur í dag til húshitunar á Drangnesi, Reykhólum, Krossholti á Barðaströnd og á Suðureyri. Jarðvarmi er einnig notaður til atvinnustarfsemi s.s. til þurrkunar á þangi, þara, fiskhausum og beinum, saltframleiðslu, grænmetisrækt og nú síðast er það mjög vaxandi seiðaeldi á laxfiskum s.s. í Tálknafirði og á Nauteyri við Ísafjardardjúp. Möguleikar eru á hitaveitu á Hólmavík og Norðurfirði en skoða þarf hagkvæmni þeirra veitna betur, eins eru ítarlegar rannsóknir fyrirhugaðar varðandi áhugaverð jarðvarmasvæði í Steingrímsfirði.

Í kafla 5.3 *Rafkyntar veitur – aukin nýting jarðvarma og betri orkunýting* í skýrslu starfshóps¹ umhverfis, orku og loftlagsráðherra (apríl 2022) eru tilgreind verkefni varðandi leit að jarðvarma þ.e. í Skutulsfirði, Patreksfirði og Súgandafirði. Kostur við hina tvo fyrrnefndu staði, er að þar er þéttbýli sem hitað er með rafkyntri fjarvarmaveitu (olíu sem varaafli) og finnist nýtanlegur jarðvarmi þá liggur beinast við að tengja hann við núverandi veitukerfi. Í skýrslu starfshóps um framtíð kyntra hitaveitna frá 2016² er orkuframleiðsla fjarvarmaveitna á Patreksfirði og byggðina í Skutulsfirði áætlaður um 63 Gwh á ári og í skýrslu starfshóps um orkumál á Vestfjörðum er áætlað aflþörf þessara fjarvarmaveitna nemi um 12 MW. Sett í samhengi þá eru þá eru um 320 Gwh tengd niðurgreiddri rafhitun (sjá greinargerð frumvarps).

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Raforkumal_Vestfjarda_skyrsla_2022.pdf

² [160316-Framtid-kyntra-veitna.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Leit að jarðvarma við framangreinda staði hefur verið með hléum við á undanföllum áratugum. Jarðvarmi hefur verið staðfestur en fram til þessa hafa tilraunboranir ekki skilað þeim árangri að byggja megi upp hefðbundna hitaveitur.

Starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, vísar til að ný rýni Orkubús Vestfjarða á fyrri rannsóknarniðurstöðum gefi til kynna að til staðar sé lágvarmi á Patreksfirði og í Skutulsfirði sem nýta má til húshitnar með aðstoð miðlægra varmadælna. Í Skutulsfirði gætu nýjar rannsóknarboranir einnig mögulega leitt í ljós aðgang að heitari vatni en það sem vitað er um í dag. Í Súgandafirði er áætlað auk megi afköst hitaveitunnar og gera hana sjálfbæra, en þar hefur þurft að skerpa á hita vatnsins með raforku þar sem afköst núverandi borholna hafa ekki verið nægjanleg. Tillaga starfshóps ráðherra er að stjórnvöld styðji við tilraunaboranir til að sannreyna rýni á rannsóknargögnum. Verkefninu verði hrundið í framkvæmd nú á þessu ári og áætlaður kostnaður er um 100 mkr, því er hér með beint til atvinnuveganefndar að styðja það mál við umfjöllun nefndarinnar um fjárlög og fjármálaáætlun.

Framangreint mál er dæmi um verkefni sem Fjórðungssambandið telur að við umfjöllun um frumvarpið verði að leggja mat á líklegum áhrifum sem og önnur áhugaverð framtíðarverkefni um nýtingu jarðhita. Að mati Fjórðungssambands beri fremur að líta á varmadælur sem lausn, þegar allar aðrar lausnir hafa verið fullkannaðar, sérstaklega verði horft til þessa atriðis þegar leitað er lausna fyrir byggðakjarna eða íbúðahverfi.

Hér skulu nefnd tvö atriði;

- Nú þegar hefur uppsetning varmadælna við atvinnuhúsnæði og stofnanir haft áhrif rekstur fjarvarmaveitna á Vestfjörðum. Er líklegt að með stuðningi við varmadælur við hverja íbúð / fasteign í þessum byggðakjörnum muni rekstur fjarvarmaveitna leggist af og frekari jarðhitaleit verði hætt.
- Verður ekki að meta endanlegan fjárhagslegan ávinning af verkefninu ef leggja verður af milljarða fjárfestingu í veitukerfum.

Fleiri atriði má tiltaka sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur talið að þarfnist nánari skoðunar t.d. að lagt er til í frumvarpinu að nýting sólarorku verði einnig valkostur. Að öðru leyti vísast hér til umsagnar Fjórðungssambands í Samráðsgátt um efni frumvarpsins og fylgir hér í viðauka.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Viðauki. Umsögn um mál 21/2022 í Samráðsgátt

Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti

Ísafirði 11. febrúar 2022

Efni; umsögn um mál 21/2022 í Samráðsgátt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (niðurgreiðsla)

Í kynningu málsins er lýst áformum um breytingu á lögum nr 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar með að markmiði að koma á einföldun regluverks um stuðning til kaupa á varmadælum og auka skilvirkni með framkvæmd fyrir stjórnvöld og umsækjendur. Fram kemur að góð reynsla sé af slíku verkefni og tilefni sé til að efla það með þessum hætti.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að varmadælur hafa nýst vel í dreifbýli þar sem eingöngu er möguleiki á rafhitun að ræða. Eins til hitunar atvinnuhúsnæðis og þjónustustofnana sveitarfélaga. Fjórðungssambandið telur því að niðurgreiðslur á varmadælum hafi á undanförunum árum verið þáttur í að jafna orkukostnað við húshitun íbúða, húsnæði til íþróttar og félagastarfs auk stofnana sveitarfélaga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir þau markmið um tillögu að frumvarpinu um að einfalda og auka skilvirkni umsókna til kaupa á varmadælum. Fjórðungssamband Vestfirðinga vill hinsvegar fyrst og fremst með þessari umsögn, leggja áherslu á nauðsyn þess, að áður en frumvarp kemur fram, að farið verði yfir samspil þessa þáttar, niðurgreiðslur á varmadælum, við önnur verkefni sem ætlað er að ná fram markmiðum laga 78/2002.

Í kynningu málsins kemur fram að varmadælur séu hentugar þar sem „ódyr hitaveita“ sé ekki til staðar og eins kemur fram það mat að spara megi allt að 110 Gwh í orkunotkun. Að mati Fjórðungssambandsins þarf að skýra nánar við undirbúning frumvarpsins.

- hvaða forsendur eru settar við skilgreiningu á aðgengi að „ódyrum hitaveitum“.
- hvaða landsvæði og byggðarlög falla undir ódyrar hitaveitur og hver ekki

Þar sem þessar upplýsingar koma ekki fram í gögnum málsins og eins hvernig á að nýta þær, kalli á umræðu, hvort er hér sé verið að breyta stefnu um hvernig ná eigi markmiðum laga 78/2002. Nánar tiltekið, eru niðurgreiðslur á varmadælum sem hluti af því að ná þessu markmiði sem telja má markmiðið í dag eða er ætlunin að niðurgreiðslur á varmadælum verði meginþáttur til að ná fram markmiði laganna. Eða er hér eingöngu verið að auka skilvirkni við framkvæmd þessa verkefnis til að ná betri framkvæmd á markmiðum laganna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að hér sé einnig tilefni til að skoða samspil þessarar tillögu að breytingu á lögum 78/2002 við önnur lög eða áætlanir sem tengjast heildarmarkmiðum stjórnvalda um jöfnun húshitunarkostnaðar til lengri eða skemmri tíma lítið. Í þessu sambandi má t.d. nefna markmið Orkustefnu og markmið og verkefni í Byggðaáætlun (verkefni A14 og verkefni C5).

Fleiri atriði koma upp við slíkt almennt mat og velta má upp til umhugsunar.

- Hvaða áhrif yrðu á stuðning til jarðhitaleitar við þéttbýli s.s. á Vestfjörðum?
Samkvæmt upplýsingum Orkubús Vestfjarða þá skortir verulega á að fá þar niðurstöðu en Orkusjóður hefur ekki stutt slík verkefni á síðustu árum.
- Hver er rekstraleg staða og framtíð rafkyntra fjarvarmaveitna komi til aukinnar varmadælunotkunar?
- Hver áætlaður afskriftar og endingartími varmadælna m.t.t. að um einskíptis aðgerð er að ræða?
- Eiga framtíðareigendur húsnæðis ekki rétt á stuðningi við endurnýjun varmadæla en ef svo er, hver er þá framtíðarskuldbinding stjórnvalda til að koma á móts við þessa notendur?
- Hefur verið lagt mat á hvort tekin sé þjóðhagsleg áhætta með því að binda húshitun við sértæka tækni er byggir að meginhluta á innfluttum búnaði?



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Vestfjarðastofa

- Hvaða áhrif hefur viðtæk varmadæluotkun á hljóðvist í þéttbýli og skipulagsáætlanir sveitarfélaga?
- Hvaða áhrif hefur viðtæk varmadæluotkun heildarsýn þéttbýlis og skipulagsáætlanir sveitarfélaga?
- Er mögulegt að ná fram sambærilegum ávinningi með stuðningi með öðrum aðgerðum s.s. bættu einangrun húsnæðis, nýtingu sólarorku o.fl.?

Síðan má taka undir ábendingar sem komin er fram í umsögnum um málið til dagsins í dag. Bent er á að uppsetning og viðhald varmadæla er sérhæfð vinna og aðgengi að þjónustu er mjög misjöfn á milli landshluta. Þannig að til lengri tíma sé sú áhætta tekin að sparnaður við not á varmadælum fari í viðhald og ferðakostnað í stað þess að jafna kostnað við húshitun. Gefa yrði því svigrúm til að sækja um stuðning við þessa þætti með þá auknum framlögum. Eins hefur verið bent á að setja verði gæðakröfur á þær varmadælur sem niðurgreiðslur ná til.

Að lokum að þessu máli tengt, að taka þarf til skoðunar jöfnunaraðgerðir að hálfu stjórnvalda varðandi hitun atvinnuhúsnæðis en núverandi staða skerðir samkeppnisstöðu fyrirtækja víða um land við fyrirtæki sem eiga aðgengi að ódýrari orku.

Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilur sér svo rétt til að taka afstöðu og veita umsögn um málið á síðari stigum.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, Vestfjarðastofu

Skrifstofa Alþingis - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2022
Tilvísun: OS2022040067/50.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun), 582. mál

Orkustofnun vísar til erindis, dags. 29. apríl 2022 frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til breytingar á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun), 582. mál.

Orkustofnun hefur unnið náið með umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytinu við gerð þessa frumvarps. Stofnunin telur þær breytingar sem eru lagðar til vera til mikilla bóta og mikilvægt skref í átt að frekari orkuskiptum, aukinni orkunýtni og orkuöryggi. Frumvarpið felur í sér hvatningu til orkusparnaðar með umhverfisvænni orkuöflun. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst íþyngjandi fyrir notendur og hefur í ákveðnum tilfellum haft fælandi áhrif. Þá býr það einnig til ójafnræði í upphæðum styrkveitinga á milli notenda eftir því á hvaða svæði þeirra húsnæði eru staðsett.

Orkustofnun telur að með þessu móti muni skapast skýrari og einfaldari umgjörð með styrkveitingum, verði frumvarpið að lögum, sem lágmarki áhættu styrkþega og stuðli að jafnræði í styrkveitingum. Þannig náist jafnframt að búa til sterkari hvata til þess að notendur sækji sér styrk til uppsetningar á orkusparandi tækjabúnaði og fari frekar í slíkar framkvæmdir. Það myndi einnig auðvelda aðkomu sveitarfélaga að stærri verkefnum innan sinna svæða með frekari styrkveitingum. Hver sú orka sem sparast skilar sér í aukinni raforku út í raforkukerfið, lækkar orkureikning notenda og niðurgreiðsluþörf ríkissjóðs og eftir atvikum jöfnun kostnaðar í dreifbýli.

Orkustofnun leggur til að hlutfall styrkupphæðar í kostnaði, sem og hámarksupphæð, verði skoðað frekar með það að leiðarljósi að auka styrkveitinguna. Hvort sem það yrði aukning á öðru hvoru eða hvoru tveggja, hefði það meira hvetjandi áhrif á notendur til að fara í slíkar framkvæmdir. Orkustofnun myndi fagna slíkum breytingum en þá þarf að tryggja nægt fjármagn til verkefnisins í samræmi við eftirspurn þannig að markmið frumvarpsins nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Jón Ragnar Guðmundsson
Verkefnisstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 13.5.2022
Tilvísun: 20220500930

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar (umhverfissvæn orkuöflun) – þskj. 824, 582. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 29. apríl 2022 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að veittir verði styrkir til íbúðareigenda „sem fjárfesta í og tengja tækjabúnað“ sem leiði til umhverfissvænnar orkuöflunar og/eða bættrar orkunýtingar við húshitun. Þá er lagt til að styrkfjárhæð nemi að hámarki 1 milljón kr. en fjárhæðin uppfærist árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, m.v. grunnvísitöluna 1. júlí 2022, og að styrkirnir verði samningsbundnir til 15 ára á viðkomandi húseign.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að með tækjabúnaði sem leiði til umhverfissvænnar orkuöflunar og/eða bættrar orkunýtingu við húshitun sé horft til varmadælna, en annar tækjabúnaður, m.a. sólarrafhlöður, geti einnig fallið þar undir.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri vekja athygli á að samkvæmt 11. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er kveðið á um heimild til þess að endurgreiða virðisaukaskatt vegna kaupa á varmadælu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Sama heimild var áður í ákvæði til bráðabirgða XXVII í lögum nr. 50/1988, sbr. lög nr. 68/2014, sem gildi tímabundið til fimm ára en var gerð varanleg með ákvæði í lögum nr. 28/2019. Jafnframt er í gildi almenn heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við m.a. uppsetningu á varmadælu í íbúðarhúsi, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988.

Verði framangreint frumvarp að lögum kæmi fyrirhuguð styrkfjárhæð samkvæmt lögum nr. 78/2002 því væntanlega til viðbótar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á varmadælum. Sé styrkfjárhæðinni hins vegar ætlað að koma í stað endurgreiðslu virðisaukaskatts þá þyrfti að leggja til viðeigandi breytingar á lögum nr. 50/1988.

Í þessu samhengi bendir ríkisskattstjóri á að gildandi endurgreiðsluheimild laga nr. 50/1988 vegna kaupa á varmadælum tekur samkvæmt orðanna hljóðan ekki til annars búnaðar með sambærilega virkni og varmadælur og er þannig þrengri heldur en þær styrkheimildir sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins, sbr. 6. gr., kemur fram að fyrirhuguð styrkveiting beinist að íbúðareigendum og telur ríkisskattstjóri þannig mega ætla að skilyrði fyrir styrkveitingu sé að umræddur búnaður verði settur upp í íbúðarhúsnæði en ekki annars konar húsnæði, t.d. frístundahúsnæði. Telur ríkisskattstjóri æskilegt að kveðið verði afdráttarlaust á um það í lagatextanum.


Að lokum þykir rétt að benda á að samkvæmt frumvarpi þessu er ekki tekin afstaða til skattskyldu þess styrks sem stefnt er að því að veita íbúðareigendum nái frumvarp þetta fram að ganga. Í þessu sambandi er vert að benda á að kostnaður til eignakaupa hefur ekki verið talinn heimill til frádráttar styrkjum samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og þyrfti því að grípa til annarra úrræða standi vilji til þess að kostnaður s.s. vegna eignakaupa á móti styrkjum sem þessum séu undanþegnir skattskyldu. Kæmi þá helst til álita að aukið yrði við 28. gr. tekjuskattslaganna ákvæði í þessa veru:


[Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:]

„Styrkir til íbúðareigenda að því marki sem nemur útlögðum kostnaði til umhverfissvænnar orkuöflunar og/eða bættar orkunýtingar við húshitun samkvæmt lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.“

Að öðru leyti en að framan greinir gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Helga Valborg Steinarsdóttir


Ingvar J. Rögnvaldsson



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 5. maí 2022
nr. erindis 2204200 KJ

Á 1013. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 4. maí 2022 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfissvæn orkuöflun)

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 29. apríl 2022 frá nefndasviði Alþingis þar sem atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfissvæn orkuöflun), 582. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 13. maí 2022.

Byggðarráð fagnar framkomnu frumvarpi og styður framgang þess.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Atvinnuveganefnd**
Sendandi: **Umhverfis- orku; og loftslagsráðuneytið**
Dagsetning: **20.05.2022**
Málsnúmer: **UMH22010144**
Bréfalykill: **3.1**

Efni: 582. mál, minnisblað um umsögn Skattsins

Vísað er til umsagnar Skattsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002 (umhverfisvæn orkuöflun) – þskj. 824, 582. mál.

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir minnisblaði ráðuneytisins vegna umsagnar Skattsins.

Afstaða ráðuneytisins til þeirra efnisatriða sem þar koma fram er eftirfarandi:

1) Skatturinn veltir upp þeirri spurningu hvort fyrirhuguð styrkveiting eigi að koma til viðbótar við endurgreiðslu virðisaukaskatts sem kveðið er á um í 11. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt eða hvort styrkveitingin eigi að koma í staðinn fyrir endurgreiðslu virðisaukaskatts.

Ráðuneytið leggur til að fyrirhuguð styrkfjárhæð skuli koma til viðbótar við núgildandi heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Þá verði tekið fram í ákvæðinu að styrkfjárhæð miðist við kostnað búnaðar án virðisaukaskatts. Notandi geti þannig einnig fengið vsk að fullu endurgreiddan af heildarverði búnaðarins. Vegna mögulegra styrkja frá t.d. sveitarfélögum til uppsetningar á slíkum búnaði má líta til bráðabirgðaákvæðis XXXII í lögum um virðisaukaskatt til að tryggja að samhlöð fjárhæð styrks og endurgreidds virðisaukaskatts frá opinberum aðilum vegna uppsetningar og/eða kaupa á búnaði til umhverfisvænnar orkuöflunar verði ekki hærrí en heildarfjárhæð vinnu við slíka uppsetningu og/eða kaup. Gera skuli grein fyrir slíkum styrkjum við framlagningu umsóknar um endurgreiðslu á vsk til Skattsins.

2) Skatturinn bendir á að gildandi endurgreiðsluheimild virðisaukaskatts nær einungis yfir kaup á varmadælum og er því þrengri en þær styrkheimildir sem lagðar eru til í frumvarpinu (þar sem annar tækjabúnaður getur einnig verið styrkhæfur).

Ráðuneytið leggur til að orðalagi 11. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt verði breytt, þannig að í stað varmadælna verði vísað til tækjabúnaðar til umhverfisvænnar orkuöflunar með sama hætti og lagt er til í b- lið 1. gr. frumvarpsins. Í langflestum tilvikum er um að ræða varmadælur. Heppilegt væri að í nefndaráliti væri að finna umfjöllun um þann tækjabúnað sem undir ákvæðið getur fallið til aukins skýrleika fyrir skattinn. Ef upp koma vafatilvik ætti skatturinn að geta afgreitt umsókn í samráði við Orkustofnun. Einnig má setja inn skilyrði þess efnis að samhliða umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts skuli fylgja staðfesting á styrkveitingu Orkustofnunar, þ.e. ef fyrir liggur að jafnframt hafi verið óskað eftir styrk frá Orkustofnun samhliða beiðni um endurgreiðslu vsk. Þannig geri viðkomandi í umsókn um endurgreiðslu virðisaukaskatts grein fyrir því hvort jafnframt hafi verið óskað eftir styrk Orkustofnunar og að í slíkum tilvikum fylgi staðfesting á styrkveitingu Orkustofnunar

3) Skatturinn telur æskilegt að kveðið verði afdráttarlaust á um það í lagatextanum að fyrirhuguð styrkveiting beinist að íbúðareigendum/íbúðarhúsnæði, en ekki annars konar húsnæði, t.d. frístundahúsnæði.

Ráðuneytið bendir á að í frumvarpinu er vísað til íbúðareigenda og í skilgreiningum í lögnum kemur fram að íbúð samkvæmt lögum þessum sé húsnæði þar sem einhver hefur fasta búsetu og hefur

sjálfstætt skráningarauðkenni í fasteignaskrá. Þá vekur ráðuneytið athygli á því að í 3. gr. laga nr. 78/2002 kemur fram að dvalarheimili aldraðra teljist íbúðarhúsnæði samkvæmt lögnum en ákvæði laga um virðisaukaskatt tekur ekki til bygginga fyrir starfsemi sem fellur undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, s.s. dvalarheimila, Af því leiðir að aðili gæti átt rétt á styrk vegna íbúðar í dvalarheimili skv. lögum nr. 78/2002, en ekki skv. lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

4) Skatturinn bendir á að ekki hefur verið tekin afstaða til skattskyldu styrksins og bendir á að kostnaður til eignakaupa hefur ekki verið talinn heimill til frádráttar styrkjum. Ef styrkirnir eigi að vera undanskildir skattskyldu leggur Skatturinn til að bætt yrði við 28. gr. tekjuskattslaga ákvæði þar að lútandi.

Ráðuneytið leggur til að styrkupp hæðin skuli vera undanþegin tekjuskatti og að slíku ákvæði verði bætt við 28. gr. tekjuskattskattlaganna, (sjá tillögu að orðalagi í umsögn Skattsins).

[Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:]

„ Styrkir til íbúðareigenda að því marki sem nemur útlögðum kostnaði til umhverfisvænnar orkuúflunar og/eða bættrar orkunýtingar við húshitun samkvæmt lögum nr.78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar. “